

Prófafyrirkomulag KIT

Lokapróf í námskeiðum

Að hverju 10 vikna misseri loknu er prófvika þar sem lokapróf námskeiða eru haldin. Reynt er að skipuleggja prófin þannig að próf í hverju námskeiði sé haldið á sama degi og námskeiðið er kennt samkvæmt stundatöflu (fyrsti tíminn í vikunni séu þeir fleiri en einn). Lokaútgáfa próftöflu skal þó birt í síðasta lagi tveimur vikum áður en próf hefjast.

Sjúkrapróf

Ef nemandi forfallast á prófi þarf hann að tilkynna það á skrifstofu skólans fyrir próftíma og skila vottorði innan þriggja daga frá dagsetningu prófs til skrifstofu skólans. Ef nemandi gerir bæði öðlast hann rétt til að taka sjúkrapróf.

Sjúkraprófin eru almennt haldin í vikunni á eftir hverri prófviku. Sjúkrapróf kemur í stað hefðbundins misserisprófs og skerðir því ekki rétt viðkomandi til upptökuprófs. Auglýsa skal hvar og hvenær sjúkrapróf eru haldin a.m.k. tveimur dögum fyrir fyrsta prófdag.

Einkunnaskil

Kennarar skulu birta einkunnir nemenda í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir próf en einkunnir úr sjúkraprófum miðast við 5 virka daga.

Útskýring á einkunn

Nemandi á rétt á því að fá útskýringar kennara á mati skriflegar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 10 daga frá birtingu einkunnar. Kennurum er heimilt að halda prófsýningu á ákveðnum auglýstum tíma þar sem þeir afhenda úrlausnir og útskýra mat sitt. Ef eiginleg prófsýning fer ekki fram skal nemandi hafa samband við kennara og óska eftir fundi með honum.

Upptökupróf

Nemandi sem mætir í próf og nær ekki lágmarkseinkuninni 5 á lokaprófi á rétt á því að taka upptökupróf. Ef nemandi mætir ekki í próf á hann ekki rétt á því að taka upptökuprófið. Gjald er tekið fyrir upptökupróf samkvæmt gjaldskrá Keilis (6000 kr. í dag). Upptökupróf fyrir 10 vikna misseri að hausti eru haldin að loknu 3 vikna misseri

fyrir jól. Upptökupróf fyrir fyrsta 10 vikna misseri ársins eru haldin eftir prófaviku í júní.
Upptökupróf fyrir annað misseri eru haldin að loknu 3 vikna misseri í ágúst.